

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.**  
**HALDINN MIÐVIKUDAGINN 28. MAÍ 2014 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION**  
**BANKA, BORGARTÚNI 19**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lifeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Sigurður Kristjánsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Sigurður tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

**1. Skýrsla stjórnar**

Jóhannes sagði að enn og aftur væri hægt að fagna góðu starfsári hjá Lifeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanks, m.a. voru lifeyrisréttindin aukin á árinu um 14%. Ávöxtun ársins 2013 var einnig mjög góð og þrátt fyrir aukningu réttinda var tryggingafræðileg staða sjóðsins sterk í árslok 2013.

Hann sagði að nafnávöxtun ársins hefði verið 12,3% og hrein raunávöxtun 8,3%. Lifeyrissjóðurinn var með eina bestu ávöxtun sem sést hefur hjá íslensku lifeyrissjóðunum á árinu. Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár var einnig sú hæsta sem þekkist meðal íslenskra lifeyrissjóða. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár var 5,7% og ef litið væri til síðustu 10 ára var meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,9%. Jóhannes sagði þetta vel yfir 3,5% mörkunum sem lifeyrissjóðir miða alla jafna við og skýrir það um leið sterka stöðu sjóðsins.

Tryggingarfræðileg staða sjóðsins var sterk í árslok 2013. Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingar var 8,7%. Jóhannes sagði að samkvæmt lögum þyrfi að grípa til



aðgerða til að jafna mun á tryggingafræðilegri stöðu milli heildareigna og skuldbindinga, ef munar meira en 10%, eða ef meira en 5% munur er fimm ár í röð, þó hafa bráðabirgðaákvæði núheimilað hærri mörk. Takist vel til með ávöxtun sjóðsins á næstu árum kann að vera að auka þurfi enn réttindi sjóðfélaga.

Jóhannes sagði hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nema 19.569 milljónum króna í árslok 2013. Á árinu hækkaði hún um 1.352 milljónir króna, eða um 7,4%. Hann sagði iðgjöld til sjóðsins á árinu 52 milljónir króna vegna 69 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 65 milljónir árið áður og hafa lækkað um 20,1%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 4 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Jóhannes sagði lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu hafi numið 889 milljónum króna sem var um 18,1% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 302. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 292 og hafði fjölgað um 6 frá árinu á undan.

Jóhannes sagði stjórn sjóðsins hafa verið óbreytta á milli ára. Samkvæmt samþykktum sjóðsins kjósa sjóðfélagar sér two stjórnarmenn á tveggja ára fresti en Arion banki tilnefnir einn. Ekki mun koma til kosninga stjórnarmanna í ár en fyrir liggur að allir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram.

Jóhannes sagði að horfur sjóðsins fyrir yfirstandi ár væru ágætar. Staða sjóðsins væri mjög sterkt líkt og fram hefði komið og framtíð sjóðsins væri á heildina litið björt.

Að lokum þakkaði Jóhannes góð samskipti við sjóðfélaga á liðnu ári og enn fremur þakkaði hann meðstjórnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakkaði Jóhannes starfmönnum Eignastýringar Arion banka og þeim sem komu með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.



## **2. Kynning á ársreikningi**

Jón L. Árnason framkvæmdarstjóri LSBÍ fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Jóns kom m.a. fram að iðgjöld ársins höfðu lækkað á milli ára og útgreiðslur hækkað sem skýrist á því að fleiri sjóðfélagar væru komnir á lífeyri og greiðandi sjóðfélögum hefur fækkað.

Rekstrarkostnaður hækkaði um 12,6% á milli ára og var heildar rekstrarkostnaður um 0,12% af hreinni eign. Endurskoðunarkostnaður hefur lækkað mikið á milli ára eftir að endurskoðun fór úr höndum KPMG til íslenskra endurskoðenda hf. Jón sagði að lögfræðikostnaður sjóðsins hefði verið vegna málaferla sjóðsins á hendur slitastjórn Kaupþings en því máli væri lokið eins og skýrt var frá ársfundni sjóðsins í fyrra.

Jón sagði hækkun á hreinni eign á árinu hefði numið 1.352 milljónum og hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris hækkaði um 7,4% á milli ára.

Jón benti á að tryggingafræðileg staða sjóðsins væri mjög góð, en Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins færi betur yfir það síðar á fundinum. Eftirlaun voru hækkuð um 14% á árinu.

Því næst fór Jón yfir helstu kennitölur sjóðsins fyrir árið 2013. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 69 og fjöldi lífeyrisþega var 292. Hrein raunávöxtun árið 2013 var 8,3%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár var 5,7% og síðastliðin tíu ár 6,9%.

**Ólafur Örn Jónsson** sjóðstjóri Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins.

Ólafur fór yfir markaðsaðstæður á árinu 2013 og í máli hans kom m.a. fram að krónan styrktist á árinu 2013 og verðbólga mældist lægri en árið á undan, eða 3,7% árið 2013.



Ólafur sagði að innlendu hlutabréfin hefðu gefið góða ávöxtun á árinu 2013 og að óverðtryggð skuldabréf hefðu gefið betri ávöxtun en verðtryggðu bréfin.

Raunávöxtun ársins 2013 var 8,3%. Sjóðurinn skilaði næst hæstri ávöxtun lífeyrissjóðanna 2013. Meðalraunávöxtun á tímabilinu 1997 – 2013 var 6,3% hjá LSBÍ. Ólafur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins.

Því næst fór Ólafur yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Litlar breytingar voru gerðar á stefnunni frá árinu 2012. Vikmörk hlutabréfa voru færð í 0–20% og markmið hlutabréfa var hækkað um 1%, í 10% og markmið hvað önnur verðbréf snertir var lækkað um 1%, í 5%.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram. Fundarstjóri lagði ársreikning lífeyrissjóðsins til samþykktar.

### ***Ársreikningur var samþykktur af öllum fundarmönnum.***

#### **3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun**

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2013. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri 10,8% en var 16,5% árið 2012. Heildar áunnin staða var 15,3% lækkaði í 8,7% árið 2013. Skýringin á lækkun var samþykktabreytingar síðasta árs og notkun á spá um áframhaldandi breytingar á lífslíkum. Áunnin réttindi lífeyrisþega og þeirra sem látið hafa af störfum voru aukin um 14% á árinu. Réttindi þeirra sem enn eru í starfi verða aukin við starfslok eða töku lífeyris.

Í máli Bjarna kom fram að eignir væru hærri en skuldbindingar í sjóðnum og lögum samkvæmt bæri að grípa til aðgerða og auka réttindi sjóðfélaga, til að jafna mun á tryggingafræðilegri stöðu milli heildareigna og skuldbindinga, ef munur væri meiri en 10%, eða meiri en 5% fimm ár í röð.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrispurnir komu fram.



#### **4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins**

Ólafur Örn Jónsson greindi frá fjárfestingarstefnu sjóðsins undir 2. lið (1. Kynning á ársreikningi).

#### **5. Kjör endurskoðanda**

Stjórn gerði tillögu um að núverandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur hf. sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

*Tillagan var samþykkt.*

#### **6. Laun stjórnarmanna**

Jóhannes bar fram tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna, sem var eftirfarandi:

Aðalmenn: 67.340 á mánuði

Formaður: 134.680 á mánuði


Varamenn: 33.670 fyrir hvern setinn fund

*Tillagan var samþykkt.*

#### **7. Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir önnur mál.

Jónas Kristjánsson tók til máls, og þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf.



Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:03

Reykjavík, 28. maí 2014



Sigurður Kristjánsson  
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir  
Fundarritari